



Varðandi: Unique Iceland - auglýsingasamningur

Málsnúmer: 1503164

Dagsetning: 24. mars 2015

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir að ganga til samninga við Icelandair um gerð og birtingu á kynningarefni um Akranes í markaðskerfi Icelandair. Samningurinn gildir til þriggja ára og eru árlegar greiðslur kr. 500.000 sem teknar eru af áætluðum auglýsingakostnaði ferðamála í fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar.

GREINARGERÐ:

Um er að ræða kynningu í sjónvarpsþáttunum Unique Iceland sem eru sýndir um borð í flugvélum Icelandair, kynningu á vefsíðu og fréttablaði Icelandair.

Icelandair hefur framleitt sjónvarpsþættina Unique Iceland síðan árið 2011 í samráði við markaðsskrifstofur og ferðaþjónustuaðila á Íslandi. Þættinum er fyrst og fremst ætlað að selja áfangastaðinn Ísland og um leið að skemmta, fræða og upplýsa ferðamenn um land og þjóð. Þátturinn er kjörinn vettvangur fyrir landsfjórðunga og fyrirtæki til að ná beint á markhópinn í sameiginlegu markaðsátaki í markaðskerfi Icelandair.

Kynningarinnslög í þættina eru unnin í samstarfi við og löguð að þörfum viðskiptavinar/samningsaðila. Stefnt er að því að tókur á nýju efni um Vesturland hefjist um miðjan apríl og verði kynningarefnið til sýningar í afþreyingarkerfi um borð í vélum Icelandair frá og með 1. júní næstkomandi.




Akraneskaupstaður

Samningurinn kveður m.a. á um að aðilar skuldbinda sig að útbúa að lágmarki 60 sekúndna innslag um Akranes til birtingar í þættinum.

Icelandair mælir stöðugt áhorfið í affreyngarkerfinu og áhorfsgreiningar sýna að Unique Iceland þættirnir eru vinsælasta sjónvarpsefnið um borð í vélum Icelandair með yfir 20% af heildaráhorfi. Icelandair áætla 15% fjölgun farþega á milli ára en áætlaður fjöldi farþega í vélum fyrirtækisins árið 2015 er 3 milljónir.

Upphæðin sem um ræðir er kr. 500.000 á ári en heildarupphæð til auglýsinga í ferðamálum samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 er kr. 2.631.000. Þetta er auglýsing sem lifir allt árið bæði um borð í flugvélum Icelandair og á vefsíðu og fréttablaði Icelandair.

Með vísan til framanritaðs gerir bæjarstjóri ofangreinda tillögu.


Regína Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri